



# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0769

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. Þ 128/124  
komudagur 21.11.2002

Reykjavík 19. nóvember 2002.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa nr. 115/1985, með síðari breytingum, 157. mál.**

Frumvarpið var lagt fram á síðasta löggjafabingi og er nú endurflutt með smávægilegum breytingum. Þrátt fyrir þessar breytingar á frumvarpinu frá því það var síðast flutt er afstaða Sjómannasambands Íslands óbreytt gagnvart tvískráningu eða þurrleiguskráningu fiskiskipa. Afstaða sambandsins kemur vel fram á bls. 11 í frumvarpinu auk þess sem ályktað var um þetta efni á 23. þingi sambandsins, sem lauk þann 15. nóvember síðastliðinn. Í ályktun þingsins segir:

„23. þing Sjómannasambands Íslands hafnar því alfarið að tvískráning fiskiskipa verði heimiluð hér á landi eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi sem lagt hefur verið fyrir Alþingi. Með því að heimila útgerðarmönnum að skrá fiskiskip í skipaskrá annars ríkis undir þjóðfána þess, án þess að skipið sé tekið af íslenskri skipaskrá, er verið að bjóða útgerðarmönnum upp á leið til að ráða til sín ódyrt erlent vinnuafli í samkeppni við íslenska sjómenn. Reynsla undanfarinna ára hefur kennt forystumönnum sjómanna að stjórnvöld fást ekki til að taka á brotum útgerðarmanna sem reka skip undir íslenskum fána. Því síður geta samtök sjómanna vænst þess að stjórnvöld taki á málum þegar fiskiskip undir erlendum fána hlítir ekki þeim skilyrðum sem sett eru þó skipið sé skráð í íslenskri skipaskrá.“

Samkvæmt framansögðu hafnar Sjómannasamband Íslands alfarið frumvarpinu.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

*Hólmgeir Jónsson*  
Hólmgeir Jónsson